Nemendalýðræði í Víðistaðaskóla 2020-2021

Í Víðistaðaskóla er unnið í anda nemendalýðræðis á öllum stigum skólans og í tómstundastarfinu. Árlega eru haldin lýðræðisþing á öllum stigum skólans og er einnig lýðræðisnefnd með fulltrúum úr hverjum árgangi sem undirbýr þingið árlega og vinnur úr hugmyndum sem koma fram. Nemendur velja viðfangsefni ár hvert.

Markmið verkefnisins:

· var að rödd nemenda myndi heyrast og að skoðanir þeirra skipti máli.

· Undirbúa nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi með því að vera og starfa í lýðræðissamfélagi í skólanum.

Þetta eru fyrstu skrefin í okkar sýn og samvinnu varðandi nemendalýðræði.

Árið 2020-2021 9.2. voru viðfangsefnin eftirfarandi:

Viðfangsefni miðstigs:

1) Hvað getum við öll gert til að vinna enn betur að því að setja andlega og líkamlega heilsu í forgang?

Andleg líðan - góð samskipti hafa áhrif á geðheilsuna og gefur gleðihormón
Hollusta í mat og drykk - Alltaf valkostur í hádegismatnum -Vatn er best og ókeypis
Hreyfing - lífshlaupið o.fl.

<u>Hvaða tillögur hafið þið til að gera enn betur í málefnum heilsueflandi grunnskóla?</u>

Umræðuefni 1 Hvað getum við gert / Andleg og líkamleg heilsa

Hvað getum við gert / Hollusta og heilbrigði

2) Hvernig getum við gert skólabraginn í skólanum enn betri?

3) Hvað langar okkur að gera í tómstunda- og félagsstarfi skólans?

Viðfangsefni unglingastigs:

1) Hvað getum við öll gert til að vinna enn betur að því að setja andlega og líkamlega heilsu í forgang?

Andleg líðan - góð samskipti hafa áhrif á geðheilsuna og gefur gleðihormón
Hollusta í mat og drykk - Alltaf valkostur í hádegismatnum -Vatn er best og ókeypis
Hreyfing - lífshlaupið o.fl.

<u>Hvaða tillögur hafið þið til að gera enn betur í málefnum heilsueflandi grunnskóla?</u>

Umræðuefni 1 Hvað getum við gert / Andleg og líkamleg heilsa

Hvað getum við gert / Hollusta og heilbrigði

2) Ábyrg net- og tækjanotkun í skólanum - viljum við fá að hafa síma í skólanum er það gott fyrir okkur eða ekki?

Umhugsunarefni: Net skólans er varið með síum, spjöld skólans eru með síum. Símar eru t.d. almennt ekki með síum.
Hverjar eru ókostirnir við að leyfa síma í skólanum? Nefnið að minnsta kosti fimm atriði.

Hverjir eru kostirnir við að leyfa síma í skólanum? Nefnið að minnsta kosti fimm atriði sem spjöldin geta ekki gert.

Hver eru rök fyrir því að við leyfum notkun síma í skólanum? Nefnið að minnsta kosti fimm atriði

Hvað er það sem gæti skaðað okkur við óábyrga netnotkun?